

SAMÞYKKT

um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélagsins

1. gr.

Skipan bæjarstjórnar

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er skipuð 9 bæjarfulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum Ísafjarðarbæjar samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald

Ísafjarðarbær er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni bæjarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Verkefni Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær annast þau lögmæltu verkefni sem honum eru falin í lögum, sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá ráðuneyti sveitarstjórnarmála.

Ísafjarðarbær vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Ísafjarðarbær er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa hans, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II. KAFLI

Um bæjarstjórn

4. gr.

Hlutverk bæjarstjórnar

Bæjarstjórn fer með stjórn Ísafjarðarbæjar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, annarra laga og samþykktar þessarar. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

Bæjarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar gætir hagsmuna sveitarfélagsins og er í fyrirsvari fyrir það.

5. gr.

Helstu verkefni bæjarstjórnar

Meðal verkefna bæjarstjórnar er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins.
2. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitar-

félaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.

3. Að setja bæjarstjórn siðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins, ráða bæjarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna og 50. gr. samþykktar þessarar.
5. Að móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins, deilda og stofnana, setja starfsemi sveitarfélagsins reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
6. Að fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
7. Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.
8. Að hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.
10. Setja sveitarfélaginu málstefnu skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga.
11. Móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðakjörnum viðkomandi sveitarfélaga, sbr. 130. gr. a. sveitarstjórnarlaga.

6. gr.

Ný bæjarstjórn tekur til starfa

Nýkjörin bæjarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi bæjarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin bæjarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni bæjarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni bæjarstjórn sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til forseti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

Kosning forseta og varaforseta bæjarstjórnar

Sá bæjarfulltrúi sem boðar til fyrsta fundar skv. 6. gr. samþykktar þessarar, setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem eiga sæti í bæjarstjórn, skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær þó að hann fái ekki helming atkvæða.

Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til ráðuneytis sveitarstjórnarmála þegar að kjöri loknu.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr, verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum eða nýtur ekki lengur trausts bæjarstjórnar sem forseti bæjarstjórnar áður en kjörtími hans er á enda skal kjósa forseta í hans stað það sem eftir er kjörtímabilsins.

III. KAFLI

Fundir bæjarstjórnar og fundarsköp

8. gr.

Fundir bæjarstjórnar

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi sína tvisvar sinnum í mánuði í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði. Í upphafi hvers kjörtímabils skal sveitarstjórn ákveða fundardaga og fundartíma sveitarstjórnar fyrir kjörtímabilið. Bæjarstjórn er heimilt að breyta fundartíma eða fundarstað sínum, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi bæjarstjórnar á undan.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundi.

9. gr.

Boðun bæjarstjórnarfunda

Bæjarstjóri, sbr. þó 6. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það. Við ákvörðun fundarstaðar skal gætt að aðgengi fyrir alla.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum og varamönnum þeirra fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Fundarboð vegna aukafundar skal berast bæjarfulltrúum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

Sé mál sérstaklega aðkallandi er heimilt að boða aukafund með styttri fyrirvara, enda samþykki allir fundarmenn boðið.

10. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði, þar sem tilgreindur er fundarstaður og fundartími.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar svo og ráðningu bæjarstjóra.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tl. hér að framan og þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/eða forseti bæjarstjórnar ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá.

Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn í síðasta lagi kl. 12:00 þann dag sem boðað er til fundar, sbr. 9. gr. Þó er hægt að víkja frá þessu, sbr. 2. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti undirbúið sig fyrir fundinn.

11. gr.

Tilkynning til íbúa um fundi bæjarstjórnar

Bæjarbúum skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

Miðað skal við að sem flestir íbúar Ísafjarðarbæjar hafi greiðan aðgang að auglýsingu um bæjarstjórnarfundir. Þegar dagskrá bæjarstjórnarfundar hefur verið samin og send bæjarfulltrúum skal hún vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins á heimasíðu Ísafjarðarbæjar.

12. gr.

Opinn eða lokaður fundur

Fundir bæjarstjórnar eru opnir, en bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls, svo sem viðkvæmra einkamála manna eða viðskiptamála sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Bæjarstjórn eða forseti geta ákveðið að tillaga um lokun fundar sé rædd fyrir luktum dyrum.

Það sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn er trúnaðarmál.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn Ísafjarðarbæjar séu viðstaddir.

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Pátttaka í fundi með rafrænum hætti

Sveitarstjórnarmönnum/nefndarmönnum í sveitarstjórn, nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins er heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti, séu þeir staddir í sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess. Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum ráðuneytis sveitarstjórnarmála, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

15. gr.

Tvær umræður í bæjarstjórn

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Samþykktir og aðrar reglur sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélags í heild eða meiri hluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal bæjarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

16. gr.

*Fundarsköp og ritun fundargerða***I. Ritun fundargerða**

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið númers fundar, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir ráða og nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða ráð og nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Fundargerð skal skráð í tölvu. Í lok fundarins skal fundargerð undirrituð af fundarmönnum. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Fundir bæjarstjórnar eru hljóðritaðir nema bæjarstjórn ákveði annað.

Fundargerð skal birt og vera aðgengileg á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, ásamt fylgigögnum, í samræmi við lög á hverjum tíma.

Sjá nánar um fundarritun í auglýsingu ráðherra um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. og 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

II. Fundarsköp

Meginreglur fundarskapa skulu vera eftirfarandi:

- a. *Fundarstjórn.* Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lög-mæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega ritaðar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Forseti skal tilkynna bæjarstjórn um ákvörðun sína.

- b. *Vald forseta.* Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu. Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur. Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundum raskar fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.
- c. *Afgreiðsla mála.* Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað. Forseti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð, sem á dagskrá er, verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum. Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið sett á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.
- d. *Málfrelsi bæjarstjóra.* Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.
- e. *Málfrelsi.* Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.
- f. *Ávarp ræðumanns.* Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða. Bæjarfulltrúi skal fá leyfi forseta til að lesa upp prentað mál á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti heimili annað.
- g. *Hve oft má tala.* Framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls til að gera stutta athugasemd eða bera af sér ámæli. Forseti getur heimilað bæjarfulltrúa að gera stutta athugasemd oftari en einu sinni undir hverjum dagskrárlið sé um að ræða athugasemd um fundarsköp, fundarstjórn forseta eða til að bera af sér ámæli. Bæjarstjóri hefur óbundið málfrelsi.
- h. *Ræðutími.* Við umræðu um mál skv. 4. tl. 10. gr. samþykktar þessarar má ræðutími vera allt að 20 mínútur. Ræðutími í síðari ræðu má vera allt að 10 mínútur; hið sama gildir um þriðju ræðu framsögumanns og síðari ræður bæjarstjóra. Við umræður um fundargerðir skv. 2. tl. 10. gr. er ræðutími takmarkaður við 10 mínútur. Við umræður um mál sem tekin eru á dagskrá skv. 2. mgr. 20. gr. ákveður forseti takmarkanir á ræðutíma. Ræðutími bæjarfulltrúa sem óskar að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd má vera allt að ein mínúta. Forseti getur þó heimilað lengri ræðutíma við umræður um fundarsköp, sbr. g.-lið 2. mgr. 16. gr. samþykktar þessarar. Forseta er heimilt að rýmka ræðutíma sé mál það umfangsmikið eða mikilvægt að ekki sé hægt að ræða það á fullnægjandi hátt innan þeirra reglna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessa liðar. Einnig er forseta heimilt að rýmka ræðutíma bæjarfulltrúa ef sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur. Ákvörðun

forseta samkvæmt þessari málsgrein skal liggja fyrir áður en umræða hefst. Við umræðu um fjárhagsáætlun, ársreikning og aðalskipulag Ísafjarðarbæjar skal ræðutími vera óbundinn. Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Þá getur forseti hvenær sem er lagt til að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

- i. *Tillögur og afgreiðsla.* Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti tillögur eru teknar til afgreiðslu. Tillögu má draga til baka fram að atkvæðagreiðslu. Forseti ber fyrst upp frávísunartillögur og aðrar dagskrártillögur um málsmeðferð. Viðaukatillaga er borin upp á eftir aðaltillögu hafi hún verið samþykkt.
- j. *Réttur til bókunar.* Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í bæjarstjórn.
- k. *Atkvæðagreiðsla.* Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að gefa merki þar um. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð. Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei, eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir. Kosningar skulu vera skriflegar og leynilegar ef þess er óskað.
- l. *Kosningar.* Bæjarstjórn kys fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Kosningar skulu vera skriflegar, leynilegar, bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúa óskar þess. Oddvitar framboða koma sér saman um það hvernig val þeirra á fulltrúum uppfyllir ákvæði 2. tl. 44. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall. Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá.

17. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála

Um hæfi bæjarfulltrúa, nefndarfulltrúa og starfsmanna Ísafjarðarbæjar til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum.

Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann sjálfur aðili að máli, fyrirsvarsmaður eða umboðs-

maður aðila, eða sé hann nú eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður Ísafjarðarbæjar ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber bærarfulltrúa, nefndarfulltrúa eða starfsmanni Ísafjarðarbæjar að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélagsins.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

18. gr.

Varamenn í bærarstjórn

Sé bærarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann boða varamann sinn til fundarins og tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bærarstjóra. Varamenn taka sæti í bærarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast.

Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmalaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast, sbr. 21. gr. sveitarstjórnarlaga.

Tilkynning um slíkt samkomulag skal lögð fram í upphafi kjörtímabils og gildir hún til loka þess.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur bærarfulltrúa

19. gr.

Skyldur bærarfulltrúa

Bærarfulltrúa er skylt að sækja alla bærarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli. Vísað er til 18. gr. samþykktar þessarar um boðun varamanns sé bærarfulltrúi forfallaður.

Hver bærarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bærarstjórn felur honum og varða verkefni bærarstjórnar, svo sem forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bærarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Bærarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bærarfulltrúi lætur af þeim störfum.

20. gr.

Réttur bærarfulltrúa

Bærarfulltrúi er sjálfstæður í störfum sínum. Honum ber að gegna bærarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins en í störfum sínum er bærarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

Bærarfulltrúi á rétt á að tekið verði á dagskrá bærarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmunum sveitarfélagsins eða verkefni þess. Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá bærarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari, sbr. m.a. 16. gr.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

21. gr.

Aðgangur að gögnum

Vegna starfa sinna í bæjarstjórn á sérhver bæjarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu Ísafjarðarbæjar og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í bæjarstjórn.

Bæjarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum Ísafjarðarbæjar í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Til að nýta sérstakan rétt sinn skv. þessari grein skal bæjarfulltrúi snúa sér til bæjarstjóra eða staðgengils bæjarstjóra í fjarveru hans.

Séu gögn undanþegin upplýsingarétti almennings, sbr. upplýsingalög nr. 140/2012, verða þau ekki afrituð eða farið með þau af skrifstofu.

22. gr.

Siðareglur og góðir starfshætti

Bæjarfulltrúi skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem bæjarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Lausn frá störfum

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils, sbr. 30. gr. sveitarstjórnarlaga. Varamaður tekur þá sæti hans.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 3. mgr. 30. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórn þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

24. gr.

Boðun varamanna

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í bæjarstjórn skal hann boða varamann sinn til meðferðar þess og afgreiðslu, og tilkynna eða láta tilkynna forföll til bæjarstjóra. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur bæjarfulltrúi krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra bæjarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í bæjarstjórn á þeim fundi. Aðal-

maður skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrir sé að aðalmaður í bæjarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í bæjarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í bæjarstjórn skal varamaður hans taka sæti frá og með næsta fundi.

25. gr.

Þóknun

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Þá á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar. Bæjarfulltrúa er óheimilt að afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar málsgreinar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

26. gr.

Réttindi og skyldur varamanna

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórninni.

V. KAFLI

Bæjarráð

27. gr.

Kosning bæjarráðs

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Forfallist bæði aðalmaður og varamaður bæjarráðs af sama framboðslista, telst næsti aðili framboðslistans, sem er aðalmaður eða varamaður í bæjarstjórn framboðslistans, í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var, næsti varamaður framboðslistans í bæjarráði. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs úr hópi kjörinna bæjarráðsmanna.

Í þeim tilfellum sem framboðslisti á einn aðalfulltrúa í bæjarstjórn er heimilt að kjósa varamann hans sem varafulltrúa hans í bæjarráði.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Um þóknun til bæjarfulltrúa í bæjarráði fer eftir 25. gr. samþykktar þessarar.

Um lausn bæjarfulltrúa frá nefndarsetu og endurskipun fer eftir 42. gr. samþykktar þessarar.

28. gr.

Fundartími bæjarráðs

Bæjarráð skal að jafnaði halda fundi einu sinni í viku. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

Heimilt er að halda fund með fjarfundarbúnaði að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í

14. gr. samþykktar þessarar.

29. gr.

Undirbúningur og boðun bæjarráðsfunda

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs.

Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann sinn og tilkynna eða láta tilkynna bæjarstjóra um forföllin.

30. gr.

Stjórnun bæjarráðs

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en bera má úrskurði hans undir bæjarráð.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerðar bæjarstjórnarinnar, sbr. 1. mgr. 16. gr. samþykktar þessarar.

Fundir bæjarráðs skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Um fundi bæjarráðs, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við á.

31. gr.

Áheyrnarfulltrúar í bæjarráði

Framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en hefur ekki fengið kjörinn bæjarráðsmann er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í bæjarráði. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila sem sæti á í bæjarstjórn kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa. Áheyrnarfulltrúi og vara-áheyrnarfulltrúi í bæjarráði skulu vera aðalmenn í bæjarstjórn, sbr. 3. mgr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga, að undanskildum tilvikum sem geta fallið undir 2. mgr. 27. gr. samþykktar þessarar.

32. gr.

Verkefni bæjarráðs

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin.

Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og stofnana hans og fyrirtækja, að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna, og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og að þeir, ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins, verði lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

33. gr.

Heimild bæjarráðs til fullnaðarákvörðunar

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu.

Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda. Vald til fullnaðarafgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem bæjarstjórn hefur sett.

Fullnaðarákvarðanir sem teknar hafa verið sæta ekki eiginlegu málskoti innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins, heldur getur aðili máls átt rétt á endurupptöku ákvörðunar, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Ef óskað er endurupptöku máls sem bæjarráð hefur afgreitt, sbr. 5. mgr. 32. gr., skal leggja það fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

VI. KAFLI

Fastanefndir, ráð og stjórnir aðrar en bæjarráð

34. gr.

Kosning í fastanefndir og kjörtímabil

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir bæjarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og bæjarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin bæjarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri bæjarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

35. gr.

Kosning og kjörgengi

Kosningar í fastanefndir bæjarstjórnar, nefndir fyrir hluta Ísafjarðarbæjar, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem Ísafjarðarbær á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að nefnd fyrir hluta sveitarfélags sé kosin af íbúum viðkomandi hluta þess að uppfylltum öðrum skilyrðum 38. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skulu oddvitar framboða koma sér saman um það hvernig val þeirra á fulltrúum fullnægi ákvæðum 1. tl. 44. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í Ísafjarðarbæ, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá, nema sem áheyrnarfulltrúar með samþykki bæjarstjórnar. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru

óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

36. gr.

*Valdsvið nefnda og framsal bæjarstjórnar til fastanefnda
og starfsmanna á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála*

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur bæjarstjórn ákveðið með viðauka við samþykkt þessa að fela nefnd, ráði eða stjórn á vegum Ísafjarðarbæjar fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga. Slík mál mega ekki varða fjárhag bæjarins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem sveitarstjórn hefur sett.

Á sama hátt og með sömu skilyrðum og getur í 1. mgr. er bæjarstjórn heimilt að fela öðrum starfsmönnum innan stjórnsýslu Ísafjarðarbæjar fullnaðarafgreiðslu mála. Bæjarstjórn, bæjarráð eða hlutaðeigandi nefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessari málsgrein og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli hennar.

Sá aðili sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu skv. 2. mgr., eða þriðjungur fulltrúa ef um nefnd, ráð eða stjórn er að ræða, sbr. 1. mgr., getur ávallt óskað eftir því að bæjarstjórn, bæjarráð eða viðkomandi nefnd, skv. samþykktum um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, taki ákvörðun í máli.

Þegar bæjarstjórn neytir heimildar skv. 1. og 2. mgr. skal jafnframt kveðið á um það hvernig fara skuli með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum.

Sé nefnd ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál skv. lögum eða samþykkt þessari, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir, og eru háðar staðfestingu bæjarstjórnar.

37. gr.

Endurupptaka

Aðili máls á rétt á að mál hans sé tekið til meðferðar á ný eftir fullnaðarafgreiðslu þess hjá bæjarstjórn, nefnd eða embættismanni ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Beiðni um endurupptöku máls skal beina til bæjarráðs eða viðkomandi fagnefndar, eftir atvikum, og verður að jafnaði að koma fram áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því að málsaðila er tilkynnt um afgreiðslu.

Ef endurupptökuskilyrði eru fyrir hendi tekur bæjarráð eða viðkomandi fagnefnd ákvörðun um málsmeðferð.

Ákvæði þetta á þó ekki við um endurupptöku mála hjá barnaverndarþjónustu Ísafjarðarbæjar en nánar er kveðið á um málsmeðferð þeirra mála í viðauka 1 um fullnaðarafgreiðslu mála hjá barnaverndarþjónustu Ísafjarðarbæjar samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

38. gr.

Afgreiðsla á fundargerðum

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarráðs og bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnarinnar ber

að taka þær sérstaklega á dagskrá.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld sem ekki er kveðið á um í fjárhagsáætlun skal ætíð lögð fyrir bæjarráð og síðan bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu, ásamt viðauka við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins vegna útgjaldanna.

39. gr.

Fundir nefnda og ályktunarhæfi

Starfsmaður nefndar, í samstarfi við formann nefndar, undirbýr nefndarfundi. Starfsmaður nefndar sér um að boðað sé til fundar með skriflegu fundarboði, ásamt dagskrá, a.m.k. sólarhring fyrir fund. Geti nefndarmaður ekki sótt fund skal hann í boða varamann og tilkynna eða láta tilkynna til formanns nefndar og starfsmanns nefndar.

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki, enda er tillaga um slíkt samþykkt af meirihluta nefndarmanna.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

Heimilt er að halda fund með fjarfundabúnaði að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í 14. gr. samþykktar þessarar.

40. gr.

Fundarstjórn og fundargerðir

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu rita fundargerðir með rafrænum hætti, að öðrum kosti skal halda gerðabók þar sem fundargerð er rituð skv. samþykkt þessari. Kjörinn ritari nefndar skal rita fundargerð. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 1. mgr. 16. gr. samþykktar þessarar.

41. gr.

Varamenn

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Pegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tl. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til bæjarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd bæjarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta bæjarstjórnarfundi eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

42. gr.

Boðun varamanna

Um boðun varamanna á nefndarfundi gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar bæjarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

43. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í bæjarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við bæjarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Bæjarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan bæjarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur bæjarfulltrúi krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Bæjarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum Ísafjarðarbæjar skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan bæjarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tl. 44. gr. og 4. tl. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

44. gr.

Áheyrnarfulltrúar

Framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn fulltrúa í fastanefnd er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum nefnda að undanskilinni barnaverndarnefnd.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

45. gr.

Þóknun

Bæjarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum Ísafjarðarbæjar hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati bæjarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur. Bæjarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins.

46. gr.

Önnur réttindi og skyldur

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

47. gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem Ísafjarðarbær á aðild að

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem bæjarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi Ísafjarðarbæjar í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum bæjarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

48. gr.

Nefndir, ráð, stjórnir, tilnefningar og kosningar

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Nefndir.** Hér er um að ræða fagnefndir sem sinna faglegu starfi þeirra málaflokka sem þeim hafa verið falin af bæjarstjórn með erindisbréfum.

1. *Bæjarráð:* Bæjarstjórn kýs þrjá bæjarfulltrúa og þrjá til vara í bæjarráð skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 27. gr. samþykktar þessarar. Bæjarráð er kosið árlega. Kjósa skal í bæjarráð á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan árlega í júní ár hvert. Ákvæði 44. gr. samþykktar þessarar gilda um þá flokka eða framboðsaðila sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn en ekki fá kjörinn bæjarráðsmann. Verkefni bæjarráðs eru tilgreind í 32. gr. samþykktar þessarar.
2. *Skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd:* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Nefndin fer með málefni leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, grunnskóla samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008, og tónlistarskóla samkvæmt lögum nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og samstarfssamningum sem gilda um rekstur tónlistarskóla hverju sinni. Einnig fer nefndin með málefni framhaldsskóla samkvæmt ákvæðum laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og samstarfssamningum sem gilda um rekstur framhaldsskóla hverju sinni. Þá fer nefndin með verkefni íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsmála í sveitarfélaginu, þar með talið eftirlit með íþróttamannvirkjum en þau eru rekin af Eignasjóði, málefni félagsmiðstöðva og vinnuskóla. Nefndin skal stuðla að samstarfi í íþróttamálum m.a. með nánú samstarfi við Héraðssamband Vestfirðinga. Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.
3. *Velferðarnefnd:* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í velferðarnefnd, sbr. lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar kýs nefndinni formann og varaformann. Velferðarnefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Í samræmi við samning Ísafjarðarbæjar við Súðavíkurrepp, um sérfræðiráðgjöf, vinnslu mála og stjórnun í félagsþjónustu, dags. 29. júní 2020, skal Súðavíkurreppur tilnefna einn áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á fundi velferðarnefndar. Velferðarnefnd fer með verkefni yfirstjórnar barnaverndarþjónustu skv. 12. gr., sbr. 10. gr. barnaverndarlaga

nr. 80/2002, með síðari breytingum. Velferðarnefnd fer með verkefni jafnréttisnefndar samkvæmt lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þá fer velferðarnefnd með framkvæmd á málefnum fatlaðra og málefnum aldraðra, sbr. lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra, auk málefna húsnæðisnefndar samkvæmt lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál. Þá fer nefndin með verkefni skv. reglugerð nr. 907/2005, sbr. breytingareglugerð nr. 409/2023, og síðari breytingar, varðandi daggæslu barna í heimahúsum. Auk verkefna sem velferðarnefnd hefur með höndum samkvæmt lögum og samþykkt þessari getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.

4. *Menningarmálanefnd*: Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í menningarmálanefnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Menningarmálanefnd starfar að menningar- og ferðamálum. Nefndin skal vera tengiliður bæjarstjórnar og menningarlífs, vera bæjarstjórn til ráðgjafar og gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í lista-, menningar- og safnamálum. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun gamalla húsa og fornra minja samkvæmt þjóðminjalögum. Nefndin fer jafnframt með vinabæjarsamskipti, hátíðahöld og málefni félagsheimila. Nefndin fer með menningarmál þar með talið málefni bókasafna samkvæmt ákvæðum bókasafnslaga nr. 150/2012, málefni héraðsskjalasafns samkvæmt lögum nr. 77/2014, um opinber skjalasöfn, sem og annarra safna.
5. *Skipulags- og mannvirkjanefnd*: Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í skipulags- og mannvirkjanefnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Skipulags- og mannvirkjanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Nefndin fer með byggingar- og skipulagsmál samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum nr. 160/2010, um mannvirki. Nefndin hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflokkum sem undir hana heyra, hefur frumkvæði að gerð þróunaráætla og skipulagstillagna og leggur fyrir bæjarstjórn svæðis- og aðalskipulagsáætlanir ásamt tillögu að úthlutun lóða og að gatnagerðar- og þjónustugjöldum. Nefndin skal í störfum sínum huga að ferlimálum fatlaðra samkvæmt lögum þar um. Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.
6. *Umhverfis- og framkvæmdanefnd*: Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í umhverfis- og framkvæmdanefnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Umhverfis- og framkvæmdanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Nefndin fjallar um umhverfis- og náttúruverndarmál í samræmi við stefnu sveitarfélagsins. Nefndin sinnir lögbundnum verkefnum gróðurverndarnefndar samkvæmt lögum nr. 155/2018, um landgræðslu, og náttúruverndarnefndar samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis um búfjárhald, dýraeftirlit, refa- og minkaeyðingu, meindýraeyðingu og fjárgirðingar, sbr. ákvæði gildandi laga þar um. Nefndin fer með stjórn vatnsveitu, fráveitu og Eignasjóðs að því marki sem þau verkefni eru ekki falin öðrum nefndum. Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.
7. *Hafnarstjórn*: Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í hafnarstjórn samkvæmt lögum um hafnamál nr. 61/2003. Bæjarstjórn kýs hafnarstjórn formann og varaformann. Stjórnin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Auk verkefna sem hafnarstjórn hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
8. *Kjörstjórnir*: Bæjarstjórn kýs í yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar þrjá fulltrúa og jafnmarga til

vara skv. 17. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Kjörstjórn kýs sér oddvita úr sínum hópi og skiptir með sér verkum. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt ákvæðum kosningalaga. Enn fremur kýs sveitarstjórn þrjár undirkjörstjórnir, fyrir Þingeyri, Flateyri og Suðureyri, svo og þrjár fyrir Skutulsfjörð. Bæjarstjórn er heimilt að kjósa eina hverfiskjörstjórn fyrir Skutulsfjörð í samræmi við 2 mgr. 17. gr. kosningalaga. Í hverja undirkjörstjórn skal kosið þrjá aðalmenn og jafnmarga varamenn.

9. *Fjallaskilanevnd*: Bæjarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fer með fjallaskilamál skv. lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og reglugerð um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár nr. 200/1998. Nefndin fer með málefni riðuveiki samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 651/2001. Nefndin hittist a.m.k. árlega og skipar gangna- og réttarstjóra í sveitarfélaginu.

B. **Stjórnir og samstarfsráð**. Hér er um að ræða stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsráð sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e. þurfa ekki staðfestingu bæjarstjórnar til að koma málum í framkvæmd innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Kjörtímabil þeirra er samkvæmt samþykktum um stjórn viðkomandi stofnunar.

1. *Sameinuð almannavarnanefnd Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps*: Samkvæmt samkomulagi Ísafjarðarbæjar, Súðavíkurhrepps og lögreglustjórans á Vestfjörðum dags. 3. janúar 2007 og byggt á staðfestingu dómsmálaráðuneytis 24. september 2006 eru sveitarfélögin með eina almannavarnanefnd. Skipað er í nefndina skv. 1. gr. skipunar sameiginlegrar almannavarnanefndar sveitarfélaganna, dags. 27. febrúar 2020, en ekki kosið af bæjarstjórn þrátt fyrir ákvæði almannavarnalaga.
2. *Umdæmisráð barnaverndar*: Ísafjarðarbær stendur sameiginlega að umdæmisráði barnaverndar ásamt öðrum sveitarfélögum á landsbyggðinni, í samræmi við 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, með síðari breytingum, en bæjarstjórn skipar í ráðið skv. samningi um umdæmisráð barnaverndar.
3. *Heilbrigðisnefnd*: Sveitarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
4. *Byggðasamlag Vestfjarða*: Bæjarstjóri er aðalfulltrúi í stjórn Byggðasamlagsins, en bæjarstjórn kýs varafulltrúa í stjórn, í samræmi við samþykktir sambandsins.
5. *Stjórn Byggðasafns Vestfjarða*: Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa og einn til vara í stjórn byggðasafnsins. Stjórnin kýs sér formann. Safnið er sameign Ísafjarðarbæjar, Súðavíkurhrepps og Bolungarvíkurkaupstaðar.
6. *Öldungaráð*: Samkvæmt samþykkt um öldungaráð Ísafjarðarbæjar kýs bæjarstjórn þrjá fulltrúa og þrjá til vara, félög eldri borgara í Ísafjarðarbæ tilnefna þrjá fulltrúa og þrjá til vara, auk þess sem heilsugæslan kýs einn fulltrúa og einn til vara. Bæjarstjórn velur öldungaráðinu formann úr hópi öldungaráðsmanna. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og bæjarstjórnar.
7. *Ungmennaráð*: Samkvæmt samþykkt fyrir ungmennaráð Ísafjarðarbæjar starfar ungmennaráð samkvæmt beinu lýðræði. Með því fyrirkomulagi hafa öll ungmenni möguleika á að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif á málefni sveitarfélagsins. Ábyrgðin dreifist yfir hópinn og fleiri einstaklingar taka virkan þátt í starfi ungmennaráðs Ísafjarðarbæjar.
8. *Samningur um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum*: Samkvæmt samningi um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum, sbr. auglýsingu nr. 1210/2023, fer Ísafjarðarbær með framkvæmd verkefna aðildarsveitarfélaganna á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

9. *Náttúrustofa Vestfjarða*: Sveitarstjórn kýs fulltrúa í stjórn Náttúrustofu Vestfjarða í samræmi við samþykktir félagsins.
10. *Fulltrúaráð Velferðarþjónustu Vestfjarða*: Samkvæmt samningi um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum kýs bæjarstjórn tvo fulltrúa í fulltrúaráð Velferðarþjónustu Vestfjarða.
11. *Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks*: Samkvæmt samningi um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum kýs bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar og sveitarstjórn Súðavíkurrepps sameiginlega einn fulltrúa, og einn til vara, í samráðshóp um málefni fatlaðs fólks.

C. **Tilnefningar og kosningar.** Kosnir fulltrúar á ársþing og ársfundi stofnana, nefnda og ráða sem bærinn á aðild að.

1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*: Samkvæmt lögum um Samband íslenskra sveitarfélaga kýs bæjarstjórn aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins. Fulltrúar sveitarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
2. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*: Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands samkvæmt lögum um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands. Fulltrúar sveitarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
3. *Fjórðungssamband Vestfirðinga*: Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa í kjörnefnd.
4. *Tónlistarskóli Ísafjarðar*: Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í Skólanefnd Tónlistarskóla Ísafjarðar. Fulltrúar sveitarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
5. *Stjórn Minjasjóðs Öfundarfjarðar*: Bæjarstjórn kýs tvo stjórnarmenn samkvæmt skipulagsskrá Minjasjóðs Öfundarfjarðar. Fulltrúar sveitarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
6. *Stjórn Samfélagsmiðstöðvarinnar á Þingeyri ses.*: Bæjarstjórn kýs einn stjórnarmann, og einn til vara, til fjögurra ára, samkvæmt samþykktum Samfélagsmiðstöðvarinnar á Þingeyri ses.
7. *Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.*: Bæjarstjórn veitir umboð til að sækja aðalfund félagsins og fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á aðalfundi. Í því umboði felst að jafnaði að viðkomandi geti boðið sig fram í stjórn félagsins og tekið þar sæti nái hann kjöri á aðalfundi.
8. *Melrakkasetur Íslands ehf.*: Bæjarstjórn veitir umboð til að sækja aðalfund félagsins og fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á aðalfundi. Í því umboði felst að jafnaði að viðkomandi geti boðið sig fram í stjórn félagsins og tekið þar sæti nái hann kjöri á aðalfundi.
9. *Kaplaskjól ehf.*: Bæjarstjórn veitir umboð til að sækja aðalfund félagsins og fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á aðalfundi. Í því umboði felst að jafnaði að viðkomandi geti boðið sig fram í stjórn félagsins og tekið þar sæti nái hann kjöri á aðalfundi.
10. *Hvetjandi hf. eignarhaldsfélag*: Bæjarstjórn veitir umboð til að sækja aðalfund félagsins og fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á aðalfundi. Í því umboði felst að jafnaði að viðkomandi geti boðið sig fram í stjórn félagsins og tekið þar sæti nái hann kjöri á aðalfundi.

11. *Fulltrúaráð Vestfjarðastofu*: Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð Vestfjarðastofu samkvæmt samþykktum fyrir Vestfjarðastofu ses.
 12. *Háskólasetur Vestfjarða*: Bæjarstjórn kýs fulltrúa til að sækja aðalfund félagsins og fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á aðalfundi.
 13. *Fulltrúaráð Háskólaseturs Vestfjarða*: Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð Háskólaseturs Vestfjarða samkvæmt samþykktum fyrir Háskólasetur Vestfjarða ses.
 14. *Stjórn Háskólaseturs Vestfjarða*: Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í stjórn Háskólaseturs Vestfjarða samkvæmt samþykktum fyrir Háskólasetur Vestfjarða ses.
 15. *Svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Vestfjörðum*: Bæjarstjórn kýs tvo fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Vestfjörðum samkvæmt starfsreglum nefndarinnar.
 16. *Farsældarráð Vestfjarða*: Bæjarstjórn kýs einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa í farsældarráð Vestfjarða, sbr. 5. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021. Auk þess kýs bæjarstjórn einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa í stjórn ráðsins.
 17. *Stjórn Lýðskólans á Flateyri*: Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa í stjórn Lýðskólans á Flateyri, í samræmi við samþykktir Lýðskólans.
 18. *Úrgangsráð Vestfjarða*: Bæjarstjórn kýs einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa í úrgangsráð Vestfjarða, í samræmi við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum 2024-2035.
 19. *Framkvæmdasjóður Skrúðs*: Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa í Framkvæmdasjóð Skrúðs, í samræmi við skipulagsskrá sjóðsins.
- D. **Hverfisráð**. Bæjarstjórn setur samþykktir fyrir hverfisráð á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Holta-, Tungu- og Seljalandshverfi, Eyri og efri bæ í Skutulsfirði og í Hnífsdal.
- Aðeins er heimilt að starfrækja eitt hverfisráð í hverju hverfi skv. samþykkt þessari. Á stofnfundi hverfisráðs sem íbúar hverfis eru boðaðir á eru 5 fulltrúar kosnir í nefndina og 2 til vara. Fulltrúar í hverfisráði eru kosnir til tveggja ára í senn.
- Hverfisráð setja sér sjálf starfsreglur sem samþykktar skulu á aðalfundum íbúa hverfanna en um starfshætti ráðanna gilda almenn ákvæði um frjáls félög og fundarsköp. Hlutverk hverfisráða er að vera vettvangur íbúanna til að hafa áhrif á nærumhverfi sitt.
- Hverfisráð skulu halda fundi reglulega en að lágmarki einn aðalfund árlega og gera þar grein fyrir starfseminni. Tilkynna skal um slíkan fund til Ísafjarðarbæjar því þar skal farið yfir samvinnu við bæinn, hlutverk og framtíðarsýn.
- Tengiliður hverfisráða við stjórnsýslu sveitarfélagsins er bæjarritari sem aðstoðar við upplýsingaöflun úr stjórnsýslunni og sér til þess að fundargerðir hverfisráða séu lagðar fyrir bæjarráð til kynningar og birtar á vef sveitarfélagsins.
- Gera skal ráð fyrir ákveðnu fjárframlagi til hverfisráða í gegnum fjárhagsáætlun hvers árs. Það er ætlað til að greiða t.d. pappír, póstburðargjöld og annan umsýslukostnað í tengslum við hlutverk þeirra.
- Hverfisráð kemur erindum sínum á framfæri við bæjarstjórn eða stjórnsýslu sveitarfélagsins með formlegum hætti, þ.e. með bréfi, tölvupósti eða öðrum sannan- legum hætti.
- E. **Verkefnabundnar nefndir**. Bæjarstjórn getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Bæjarstjórn útbýr erindisbréf fyrir nefndina þar sem

hlutverk og staða nefndarinnar er skilgreint.

- F. **Kjörtímabil nefnda.** Sé kjörtímabil nefndar ekki sérstaklega tekið fram er það hið sama og bæjarstjórnar.

VII. KAFLI

Bæjarstjóri og aðrir starfsmenn

49. gr.

Ráðning bæjarstjóra

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn. Ráðningartími bæjarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

50. gr.

Hlutverk bæjarstjóra

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til fundar, sbr. 9. gr. samþykktar þessarar.

Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn eða bæjarráð. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindi.

Bæjarstjóri hefur með höndum málefni sveitarfélagsins og framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar að svo miklu leyti sem bæjarstjórn ákveður ekki annað. Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjar-sjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnarinnar þarf til. Bæjarstjóra er heimilt með samþykki bæjarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru. Prókúrhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Bæjarritari er staðgengill bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn ákveði annað.

51. gr.

Ráðning í æðstu stjórnunarstöður

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá Ísafjarðarbæ, og veitir þeim lausn frá starfi. Um er að ræða sviðsstjóra, mannauðsstjóra, slökkviliðsstjóra og hafnarstjóra.

52. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna

Bæjarstjóri ræður stjórnendur stofnana og veitir þeim lausn frá störfum. Stjórnendur stofnana annast ráðningu annarra starfsmanna í samráði við sviðsstjóra. Upplýsa skal viðkomandi fagnefnd um ráðningu stjórnenda stofnana á næsta fundi nefndarinnar.

53. gr.

Þagnarskylda starfsmanna

Starfsmenn Ísafjarðarbæjar og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

54. gr.

Starfskjör og réttindi starfsmanna

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga, reglum um ábyrgðarmörk, starfsmannastefnu og jafnréttisáætlun.

VIII. KAFLI

Fjármál sveitarfélagsins

55. gr.

Fjárstjórnarvald bæjarstjórnar

Einvörðungu bæjarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tl.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

Bæjarráði er heimilt að taka fullnaðarákvarðanir í málum sem varða 5. og 6. lið hér að ofan sbr. 2. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðun rúmist innan fjárhagsáætlunar til eins árs og áætlunar til fjögurra ára.

56. gr.

Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir lok desembermánaðar ár hvert vegna næsta rekstrarárs og næstu þriggja ára þar á eftir að undan-gengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Bæjarráð leggur skv. 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga og 1. mgr. 32. gr. samþykktar þessarar, tillögu um fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Að lokinni umræðu bæjarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til ráðuneytis sveitarstjórnarmála og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga sveitarfélagsins. Í fjárhags-áætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga. Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjar- sjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjár-hagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

Bæjarstjórn skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhags-áætlun.

57. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins

Ákvörðun sem bæjarstjórn tekur skv. 55. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrir-greiðslu sveitarfélagsins á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar bæjarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi bæjarstjórnarinnar.

58. gr.

Fjármálareglur og viðmið um afkomu Ísafjarðarbæjar

Bæjarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

59. gr.

Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga

Bæjarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en bæjarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir Ísafjarðarbæjar til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

60. gr.

Ársreikningur

Gera skal ársreikning fyrir bæjarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. bæjarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af bæjarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning Ísafjarðarbæjar, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

61. gr.

Endurskoðun ársreikninga

Bæjarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrir-mælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

IX. KAFLI

Samráð við íbúa, þátttökulýðræði

62. gr.

Borgarafundur, íbúáþing, íbúakosningar o.fl.

Um samráð við íbúa, þ.m.t. borgarafundi, íbúáþing og íbúakosningar, gilda ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

63. gr.

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa

Bæjarstjórn er heimilt að leggja þau mál í dóm kjósenda sem hún álítur vera mjög þýðingarmikil fyrir sveitarfélagið með skoðanakönnun eða atkvæðagreiðslu.

Ef 25% kosningabærra íbúa eða fleiri krefjast atkvæðagreiðslu um ákvörðun bæjarstjórnar ber bæjarstjórn að verða við þeirri kröfu, með þeim takmörkunum sem fram koma í 3. mgr. 108. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjórn skal ákveða áður en atkvæðagreiðsla fer fram hvort hún skal teljast bindandi.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk bæjarstjórnar og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

64. gr.

Gildistaka

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 2. mars 2022.

Fyrir hönd innviðaráðherra,
Guðni Geir Einarsson

Hafðís Gísladóttir

VIÐAUKI 1
um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Ísafjarðarbæjar
samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

1. gr.

Fullnaðarafgreiðsla mála.

Sviðsstjóri velferðarsviðs fer með vald til fullnaðarafgreiðslu mála skv. 3. mgr. 12. gr. barna-verndarlaga, nr. 80/2002 og ber ábyrgð á öllum verkefnum og ákvörðunum sem byggja á barna-verndarlögum sem ekki hafa verið falin öðrum þ.m.t. umdæmisráði, dómstólum eða öðrum stjórnvöldum, sbr. 2. mgr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Sviðsstjóri velferðarsviðs tilnefnir staðgengil sinn sem hefur þá sömu heimildir í fjarveru hans eða vegna vanhæfis hans.

Sviðsstjóri velferðarsviðs hefur endanlegt ákvörðunarvald í eftirfarandi verkefnum er falla undir barnaverndarlög nr. 80/2002, án staðfestingar bæjarstjórnar:

- a. að bera ábyrgð á barnavernd, verkefnum og ákvörðunum samkvæmt lögunum sem eru ekki sérstaklega falin öðrum, sbr. 10. gr.,
- b. ákvörðun um hvort hefja eigi könnun máls, sbr. 21. gr.,
- c. gerð og framkvæmd áætlunar um meðferð máls, sbr. 23. gr.,
- d. taka ákvörðun um hvort loka eigi máli eða gera áætlun um meðferð máls, sbr. 23. gr.,
- e. veita aðstoð, sbr. a-e-lið 1. mgr. 24. gr.,
- f. taka við forsjá eða umsjá barns og ráðstafa í föstur, sbr. a-lið 1. mgr. 25. gr.,
- g. taka við forsjá eða umsjá barns og vista barn utan heimili á heimilis eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings, sbr. b-lið 1. mgr. 25. gr.,
- h. fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra, sbr. a-e-lið 1. mgr. 26. gr.,
- i. fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra og/eða barns sem hefur náð 15 ára aldri, sbr. a- og b-lið 1. mgr. 27. gr.,
- j. gera kröfu fyrir héraðsdómi að fengnum úrskurði umdæmisráðs, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 29. gr.,
- k. úrræði vegna ófæddra barna, sbr. 1. mgr. 30. gr.,
- l. gera kröfu fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings, sbr. 2. mgr. 30. gr.,
- m. neyðarráðstafanir, sbr. 31. gr.,
- n. skipan lögráðamanns eða taka yfir forsjá barns, sbr. 32. gr.,
- o. áætlun um trygga umsjá barns sem barnaverndarþjónusta hefur tekið við umsjá eða forsjá með, sbr. 33. gr.,
- p. senda inn beiðni til lögreglu um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann, sbr. 37. gr.,
- q. taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann skv. 3. mgr. 46. gr.,
- r. taka nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi skv. X. og XI. kafla,
- s. ráðstöfun barns í föstur, sbr. 65. gr.,
- t. fara með alla vinnslu máls eftir að ákvörðun um vistun eða föstur liggur fyrir,
- u. gerð föstursamnings, endurskoðun og slit föstursamnings, sbr. XII. kafla,
- v. ákvörðun um fjárhæð fösturlauna og framfærslueyris, sbr. 68. og 89 gr.,
- w. gera tillögur um umgengni barns í föstri við foreldra og aðra nákomna, sbr. 74. gr.,
- x. gera tillögur um umgengni barns í vistun við foreldra og aðra nákomna, sbr. 81. gr.,
- y. hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila eða sambýla til að veita börnum móttöku að uppfylltum skilyrðum, sbr. a- og b-lið 84. gr.,
- z. hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur, sbr. 85. gr.,

dd. sumardvöl á vegum barnaverndarþjónustna, sbr. 86. gr.

Auk þess veitir barnaverndarþjónustan umsagnir vegna ættleiðingar skv. 16. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999 og tilnefnir málstjóra skv. 20. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

2. gr.

Sjálfstæði barnaverndarþjónustu gagnvart bæjarstjórn og nefndum sveitarfélagsins.

Samkvæmt III. kafla barnaverndarlaga er bæjarstjórn, velferðarnefnd sem og öðrum nefndum, ekki heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrirmæli um meðferð einstakra mála. Því eiga 2. og 3. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga ekki við um barnaverndarþjónustu og er bæjarstjórn, velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar og öðrum nefndum ekki heimilt að hafa eftirlit með afgreiðslu einstakra mála barnaverndarþjónustu né taka ákvörðun í barnaverndarmálum.

3. gr.

Endurupptaka mála

Beri aðili fram kvörtun vegna afgreiðslu Barnaverndarþjónustu Ísafjarðarbæjar samkvæmt viðauka þessum, skal leiðbeina honum um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar hjá sviðsstjóra velferðarsviðs með hliðsjón af 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, sbr. og 37. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar. Telji sviðs-stjóri velferðarsviðs að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal barnaverndarþjónusta Ísafjarðarbæjar taka málið upp að nýju.

Sé sviðsstjóri velferðarsviðs vanhæfur til að taka ákvörðun um endurupptöku máls skal hann gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að halda máli í réttu horfi, sé staðgengill ekki til staðar.

4. gr.

Úrskurðarnefnd velferðarmála

Aðila máls skal leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og lög um úrskurðarnefnd velferðarmála nr. 85/2015, og um kærufrest, ef um kæranalega ákvörðun er að ræða.

VIÐAUKI 2

um fullnaðarafgreiðslu mála vegna þjónustu við fatlað fólk.

1. gr.

Fullnaðarafgreiðsla mála um þjónustu við fatlað fólk.

Sviðsstjóri velferðarsviðs fer með vald til fullnaðarafgreiðslu mála og ber ábyrgð á öllum verkefnum og ákvörðunum sem byggja á lögum nr. 38/2018 sé það ekki öðrum falið að lögum.

Sviðsstjóri velferðarsviðs tilnefnir staðgengil sinn sem hefur þá sömu heimildir í fjarveru hans eða vegna vanhæfis hans.

Sviðsstjóri velferðarsviðs afgreiðir eftirtalin verkefni er falla undir lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018:

- Gerð samninga við sjálfseignarstofnanir eða aðra einkaaðila um þjónustu, sbr. 6. gr.
- Stoðþjónusta sem er nauðsynleg þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu, sbr. 8. gr.
- Búsetu, sbr. 9. gr.
- Gerð notendasamninga, sbr. 10. gr.
- Gerð samninga um notendastýrða persónulega aðstoð, sbr. 11. gr.

- f. Hafa forystu í þverfaglegu þjónustuteymi um útfærslu þjónustu, sbr. 12. gr.
- g. Stuðningsfjölskyldur, sbr. 15. gr.
- h. Frístundaþjónusta fatlaðra barna og ungmenna, sbr. 16. gr.
- i. Skammtímadvöl, sbr. 17. gr.
- j. Sumardvöl, sbr. 18. gr.
- k. Tilnefning málstjóra, sbr. 19. gr., sbr. lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.
- l. Vinnustaðir fyrir verndaða vinnu, hæfingu og dagþjónustu fyrir fatlað fólk þar sem því stendur til boða þroska-, iðju- og starfsþjálfun, sbr. 24. gr.
- m. Veiting styrkja eða fyrirgreiðslna vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar, sbr. 25. gr.

2. gr.

Endurupptaka mála

Beri aðili fram kvörtun vegna afgreiðslu mála vegna málefna fatlaðs fólks samkvæmt viðauka þessum, skal leiðbeina honum um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar hjá velferðarnefnd með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. og 37. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar. Telji velferðarnefnd að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal sviðsstjóri velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar og deildarstjóri málefna fatlaðra taka málið upp að nýju.

3. gr.

Úrskurðarnefnd velferðarmála

Aðila máls skal leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 35. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og laga um úrskurðarnefnd velferðarmála nr. 85/2015, og um kærufrest, ef um kæranlega ákvörðun er að ræða.

VIÐAUKI 3**um fullnaðarafgreiðslu mála hjá fastanefndum án staðfestingar bæjarstjórnar.**

1. gr.

Hafnarstjórn, menningarmálanefnd, skipulags- og mannvirkjanefnd, skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd, umhverfis- og framkvæmdanefnd og velferðarnefnd afgreiða án staðfestingar bæjarráðs eða bæjarstjórnar eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 1. mgr. 36. gr. samþykktar þessarar.

Styrkveitingar innan ramma fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins til einstaklinga, félagasamtaka eða annarra lögaðila í þeim málaflokkum sem undir hverja nefnd heyra.

2. gr.

Afgreiðslur nefndanna samkvæmt 1. gr. viðauka þessa skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi bæjarráðs.

3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu nefndar samkvæmt 1. gr. skal fara með málið samkvæmt V. kafla stjórnsýslulaga.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

4. gr.

Eftir að nefnd hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal bæjarráð taka málið upp að nýju.

VIÐAUKI 4**um fullnaðarafgreiðslu mála hjá sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs.**

1. gr.

Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs afgreiðir eftirtalin verkefni, án staðfestingar bæjarstjórnar, samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og 36. gr. samþykktar þessarar:

- a) Umsagnir til sýslumanns samkvæmt 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, vegna umsókna um rekstrarleyfi. Áður en sviðsstjóri afgreiðir umsögn skal hann leita umsagnar byggingarfulltrúa og slökkviliðs.
- b) Umsagnir til sýslumanns samkvæmt 17. gr. laga nr. 85/2007, vegna umsókna um tækifærisleyfi. Áður en sviðsstjóri afgreiðir umsögn skal hann leita umsagnar byggingarfulltrúa og slökkviliðs.
- c) Umsagnir til sýslumanns samkvæmt 6. gr. a áfengislaga, nr. 75/1998, vegna umsókna um leyfi til sölu áfengis á framleiðslustað. Áður en sviðsstjóri afgreiðir umsögn skal hann leita umsagnar byggingarfulltrúa og slökkviliðs.
- d) Umsagnir til lögreglustjóra samkvæmt 14. gr. reglugerðar um skotelda, nr. 414/2017, vegna umsókna um skoteldasýningar. Áður en sviðsstjóri afgreiðir umsögn skal hann leita umsagnar slökkviliðs.
- e) Umsóknir um afslátt af fasteignaskatti vegna fasteigna þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttar-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, sbr. og reglur Ísafjarðarbæjar um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka.

2. gr.

Sviðsstjóra er heimilt að vísa afgreiðslu máls samkvæmt 1. gr. til bæjarráðs til fullnaðarafgreiðslu, s.s. ef lög eða reglur eru ekki skýrar eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

3. gr.

Afgreiðslur sviðsstjóra samkvæmt 1. gr. skulu lagðar fram til kynningar með skriflegri skýrslu a.m.k. árlega í bæjarráði.

4. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu sviðsstjóra samkvæmt 1. gr. skal fara með málið samkvæmt V. kafla stjórnsýslulaga.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

5. gr.

Eftir að sviðsstjóri hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal bæjarráð taka málið upp að nýju.

VIÐAUKI 5**um fullnaðarafgreiðslu mála hjá menningarmálanefnd.**

1. gr.

Menningarmálanefnd afgreiðir eftirtalin verkefni án staðfestingar bæjarstjórnar, samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011 og 36. gr. samþykktar þessarar:

- a) Úthlutun styrkja til menningarmála, sbr. reglur Ísafjarðarbæjar um úthlutun styrkja til menningarmála.
- b) Útnefning bæjarlistamanns Ísafjarðarbæjar ár hvert, sbr. reglur um bæjarlistamann Ísafjarðarbæjar.

2. gr.

Afgreiðslur nefndarinnar samkvæmt 1. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi bæjarstjórnar.

3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu nefndarinnar samkvæmt 1. gr. skal fara með málið samkvæmt V. kafla stjórnsýslulaga.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

4. gr.

Eftir að nefndin hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal menningarmálanefnd taka málið upp að nýju.

Þá skal aðila máls leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til viðeigandi ráðuneytis, þ. á m. um kærufrest.

VIÐAUKI 6**um fullnaðarafgreiðslu mála hjá skipulags- og mannvirkjanefnd.**

1. gr.

Skipulags- og mannvirkjanefnd afgreiðir eftirtalin verkefni skipulagslaga, nr. 123/2010, laga um mannvirki, nr. 160/2010, og laga um umhverfismat framkvæmda og áætlaða, nr. 111/2021, og í samræmi við reglur sveitarfélagsins á þessu sviði, án staðfestingar bæjarstjórnar, samkvæmt

heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og 36. gr. samþykktar þessarar:

- a) Úthlutun lóða sem hafa verið auglýstar og eru lóðalista Ísafjarðarbæjar og samkvæmt samþykktu deiliskipulagi.
- b) Afgreiðsla nýrra lóðarleigusamninga, uppsagnir og riftanir gildandi samninga, svo og endurnýjun útrunninna lóðarleigusamninga sem ekki eru í samræmi við skipulagsáætlanir viðkomandi svæða.
- c) Ákvörðun um hvort framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaraðili og framkvæmd er háð framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki.
- d) Ákvörðun um að hefja gerð deiliskipulags, eða gera breytingu á deiliskipulagi, sbr. 38. gr. skipulagslaga.
- e) Samþykkt og kynning á lýsingu deiliskipulagstillögu samkvæmt ákvæðum 1.-3. mgr. 40. gr. skipulagslaga.
- f) Afgreiðsla tillögu um deiliskipulag ef fallist er á allar athugasemdir Skipulagsstofnunar um form deiliskipulagstillögu skv. 5. málsl. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.
- g) Ákvörðun um og samþykkt óverulegra breytinga á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, og sendir til Skipulagsstofnunar samþykktu deiliskipulagstillögu, hafi athugasemdir borist.
- h) Ákvörðun um hvort að við útgáfu á framkvæmda- eða byggingarleyfi sé heimilt að víkja frá kröfum um breytingu á deiliskipulagi eða grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn, sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga.
- i) Ákvörðun skv. 44. gr. skipulagslaga vegna umsókna um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag en deiliskipulag liggur ekki fyrir ef framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar.
- j) Ákvörðun um skiptingu jarða, landa, lóða og breyting á landamerkjum samkvæmt 48. gr. skipulagslaga.
- k) Ákvarðanir sem vísa til bæjarstjórnar samkvæmt X. kafla skipulagslaga um þvingunarúrræði og viðurlög, s.s. að staðfesta stöðvun skipulagsfulltrúa á framkvæmdum sem hafnar eru án framkvæmdaleyfis, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag eða það er fallið úr gildi, sbr. 53. gr. skipulagslaga.
- l) Umsagnir um matskenndar framkvæmdir samkvæmt 18. gr. laga nr. 111/2021.
- m) Umsagnir um framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum og tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka laga nr. 111/2021.
- n) Ákvörðun samkvæmt 6. gr. laganna um hvort framkvæmd sem háð er framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki og tilgreind eru í flokki C í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, skulu háð mati á umhverfisáhrifum.

2. gr.

Afgreiðslur nefndarinnar samkvæmt 1. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi bæjarstjórnar.

3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu nefndarinnar samkvæmt 1. gr. skal fara með

málið samkvæmt V. kafla stjórnsýslulaga.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

4. gr.

Eftir að nefndin hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal skipulags- og mannvirkjanefnd taka málið upp að nýju.

Þá skal aðila máls leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála samkvæmt lögum nr. 130/2011, þ. á m. um kærufrest.

VIÐAUKI 7

um fullnaðarafgreiðslu mála hjá sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs.

1. gr.

Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs afgreiðir eftirtalin verkefni, án staðfestingar bæjarstjórnar, samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og 36. gr. samþykktar þessarar:

- a) Ráðningu skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar, sbr. 7. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.
- b) Ráðningu byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar, sbr. 8. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010.
- c) Umsóknir um endurnýjun útrunninna lóðarleigusamninga og umsóknir um framlengingu gildandi lóðarleigusamninga, enda sé það gert í samræmi við skipulagsáætlanir viðkomandi svæða.

2. gr.

Sviðsstjóra er heimilt að vísa afgreiðslu máls samkvæmt 1. gr. til skipulags- og mannvirkjanefndar til fullnaðarafgreiðslu, s.s. ef lög eða reglur eru ekki skýrar eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

3. gr.

Afgreiðslur sviðsstjóra samkvæmt 1. gr. skulu lagðar fram til kynningar með skriflegri skýrslu á næsta fundi skipulags- og mannvirkjanefndar.

4. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu sviðsstjóra samkvæmt 1. gr. skal fara með málið samkvæmt V. kafla stjórnsýslulaga.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

5. gr.

Eftir að sviðsstjóri hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst

verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal skipulags- og mannvirkjanefnd taka málið upp að nýju.

VIÐAUKI 8

um fullnaðarafgreiðslu mála hjá skipulagsfulltrúa.

1. gr.

Skipulags- og umhverfisfulltrúi Ísafjarðarbæjar fer með hlutverk skipulagsfulltrúa í samræmi við ákvæði skipulagslaga, nr. 123/2010.

Skipulagsfulltrúi afgreiðir eftirtalin verkefni, án staðfestingar skipulags- og mannvirkjanefndar og bæjarstjórnar, samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og 36. gr. samþykktar þessarar:

- a) Útgáfa framkvæmdaleyfis skv. 13. gr. laganna fyrir framkvæmdum sem eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir, og þegar deiliskipulag liggur ekki fyrir ef engar athugasemdir hafa verið gerðar við grenndarkynningu og athugasemdir ekki gerðar af hálfu lögbundinna umsagnaraðila séu þeir til staðar. Skipulagsfulltrúi leitar jafnframt eftir umsögnum viðeigandi umsagnaraðila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis, sbr. 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga.
- b) Sendir Skipulagsstofnun samþykkt deiliskipulagsbreytingu sem auglýst hefur verið og engar athugasemdir eða minniháttar athugasemdir borist við og birta auglýsingu um samþykkt hennar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 42. gr. skipulagslaga nema skipulags- og mannvirkjanefnd eða bæjarráð ákveði annað.
- c) Grenndarkynnir tillögur að óverulegum breytingum á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. og byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir, sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga. Heimilt er að fresta afgreiðslu slíkra erinda þegar fyrir liggur ákvörðun sveitarstjórnar að hefja vinnu við deiliskipulag fyrir viðkomandi svæði.
- d) Afgreiðir tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, hafi engar athugasemdir borist við grenndarkynningu.
- e) Framlengir frest til að gera athugasemdir við auglýstar eða grenndarkynntar tillögur.
- f) Stöðvar framkvæmd sem er hafin án þess að framkvæmdaleyfi sé fengið fyrir henni, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag, hafi fallið úr gildi eða framkvæmd sé í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess. Einnig getur skipulagsfulltrúi krafist þess að hin ólöglega framkvæmd sé fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni framkvæmdaaðili ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað, sbr. 53. gr. skipulagslaga.
- g) Álagning dagsekta á framkvæmdaleyfishafa, með þriggja mánaða fyrirvara, hafi framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd stöðvast í eitt ár, sbr. 3. mgr. 15. gr. skipulagslaga.
- h) Ákvörðun um að beita dagsektum til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt skipulagslögum eða láta af atferli sem er ólöglegt, sbr. 1. mgr. 54. gr. skipulagslaga.

2. gr.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að vísa afgreiðslu máls samkvæmt 1. gr. til skipulags- og

mannvirkjanefndar til fullnaðarafgreiðslu, s.s. ef lög eða reglur eru ekki skýrar eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

3. gr.

Afgreiðslur skipulagsfulltrúa samkvæmt 1. gr. skulu lagðar fram til kynningar með skriflegri skýrslu á næsta reglulega fundi skipulags- og mannvirkjanefndar.

4. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu skipulagsfulltrúa samkvæmt 1. gr. skal fara með málið samkvæmt V. kafla stjórnsýslulaga.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

5. gr.

Eftir að skipulagsfulltrúi hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal skipulags- og mannvirkjanefnd taka málið upp að nýju.

VIÐAUKI 9

um fullnaðarafgreiðslu mála hjá byggingarfulltrúa.

1. gr.

Byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar fer með hlutverk byggingarfulltrúa í samræmi við ákvæði laga um mannvirki, nr. 160/2010.

Byggingarfulltrúi afgreiðir eftirtalin verkefni, án staðfestingar skipulags- og mannvirkjanefndar og bæjarstjórnar, samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og 36. gr. samþykktar þessarar:

- a) Eftirlit með mannvirkjagerð, sbr. 1. mgr. 8. gr. og 1. og 2. mgr. 9. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010.
- b) Útgáfu byggingarleyfis að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í 13. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010, og 2.4.4. gr. í byggingarreglugerð, nr. 112/2012.
- c) Útgáfu stöðuleyfis í samræmi við 60. gr. laga um mannvirki, sbr. og reglur Ísafjarðarbæjar um útgáfu stöðuleyfa.

2. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að vísa afgreiðslu máls samkvæmt 1. gr. til skipulags- og mannvirkjanefndar til fullnaðarafgreiðslu, s.s. ef lög eða reglur eru ekki skýrar eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

3. gr.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa samkvæmt 1. gr. skulu lagðar fram til kynningar með skriflegri skýrslu á næsta reglulega fundi skipulags- og mannvirkjanefndar.

4. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu byggingarfulltrúa samkvæmt 1. gr. skal fara með

málið samkvæmt V. kafla stjórnsýslulaga.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

5. gr.

Eftir að byggingarfulltrúi hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal skipulags- og mannvirkjanefnd taka málið upp að nýju.

VIÐAUKI 10

um fullnaðarafgreiðslu mála hjá sviðsstjóra velferðarsviðs.

1. gr.

Sviðsstjóri velferðarsviðs afgreiðir eftirtalin verkefni, án staðfestingar bæjarstjórnar, samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og 36. gr. samþykktar þessarar:

- a) Umsóknir um afslætti af fasteignaskatti sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, sbr. og reglur Ísafjarðarbæjar um afslátt af fasteignagjöldum fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.
- b) Umsóknir um fjárhagsaðstoð, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. og reglur um fjárhagsaðstoð í Ísafjarðarbæ.
- c) Umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. og reglur Ísafjarðarbæjar um sérstakan húsnæðisstuðning.
- d) Umsóknir um stuðningsþjónustu, sbr. 25.-27. gr. og X. kafla um laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. og reglur Ísafjarðarbæjar um stuðningsþjónustu.
- e) Umsóknir um akstursþjónustu, sbr. 29. gr. og X. kafla um laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og lög um málefni aldraðra, nr. 125/1999, sbr. og reglur um akstursþjónustu í Ísafjarðarbæ.
- f) Umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði, sbr. XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, 4. tl. 13. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, og 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, sbr. og reglugerð um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk, nr. 370/2016, sbr. og reglur Ísafjarðarbæjar um félagslegt leiguhúsnæði.

2. gr.

Sviðsstjóra er heimilt að vísa afgreiðslu máls samkvæmt 1. gr. til velferðarnefndar til fullnaðarafgreiðslu, s.s. ef lög eða reglur eru ekki skýrar eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

3. gr.

Afgreiðslur sviðsstjóra á framangreindum málum skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi velferðarnefndar.

4. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu sviðsstjóra samkvæmt 1. gr. skal fara með málið samkvæmt V. kafla stjórnsýslulaga.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

5. gr.

Eftir að sviðsstjóri hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal velferðarnefnd taka málið upp að nýju.

VIÐAUKI 11

Um fullnaðarafgreiðslu mála hjá sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs.

1. gr.

Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs afgreiðir eftirtalin verkefni, án staðfestingar bæjarstjórnar, samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og 36. gr. samþykktar þessarar:

- a) Umsóknir um leikskólavist í leikskólum Ísafjarðarbæjar, samkvæmt reglum um innritun og dvöl barna í leikskólum Ísafjarðarbæjar.
- b) Umsóknir um afslátt af leikskólagjöldum, samkvæmt reglum Ísafjarðarbæjar um tekjutengingu afsláttar af leikskólagjöldum.
- c) Afgreiðslu umsókna um flutning barns á milli leikskóla Ísafjarðarbæjar.
- d) Umsóknir um skólavist í grunnskóla Ísafjarðarbæjar, samkvæmt reglum um umsókn og innritun í grunnskóla Ísafjarðarbæjar.
- e) Umsóknir um nemendaheimsóknir í grunnskóla Ísafjarðarbæjar, sbr. reglur Ísafjarðarbæjar þar um.
- f) Afgreiðslu samninga við forráðamenn um þátttöku í skólaakstri, sbr. reglur nr. 656/2009, um skólaakstur í grunnskóla, og reglur Ísafjarðarbæjar um skólaakstur í grunnskóla.
- g) Umsóknir um frístundaheimili í Ísafjarðarbæ, samkvæmt innritunarreglum um frístundaheimili í Ísafjarðarbæ.
- h) Umsóknir um akstursstyrki vegna íþrótta- og tómstundastarfs barns, sbr. reglur þar um.
- i) Afgreiðslu umsókna um niðurgreiðslu námskostnaðar vegna tónlistarnáms sem stundað er utan Ísafjarðarbæjar, sbr. reglur Ísafjarðarbæjar varðandi nemendur sem óska eftir að stunda tónlistarnám í öðrum sveitarfélögum.
- j) Afgreiðslu umsókna um greiðslu skólagjalda vegna grunnskólanemenda sem stunda nám við framhaldsskóla, sbr. reglur Ísafjarðarbæjar þar um.
- k) Afgreiðslu umsókna um tilvísun til sérfræðiþjónustu vegna barns í leik- eða grunnskóla.

2. gr.

Sviðsstjóra er heimilt að vísa afgreiðslu máls samkvæmt 1. gr. til skóla-, íþrótta- og tómstundaneftndar til fullnaðarafgreiðslu, s.s. ef lög eða reglur eru ekki skýrar eða ljóst er að

ákvörðun er stefnumarkandi.

3. gr.

Afgreiðslur sviðsstjóra á framangreindum málum skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi skóla-, íþrótt- og tómstundanefndar.

4. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu sviðsstjóra samkvæmt 1. gr. skal fara með málið samkvæmt V. kafla stjórnsýslulaga.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

5. gr.

Eftir að sviðsstjóri hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd taka málið upp að nýju.

VIÐAUKI 12

Um fullnaðarafgreiðslu mála hjá skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd.

1. gr.

Skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd afgreiðir eftirtalin verkefni laga um leikskóla, nr. 90/2008, laga um grunnskóla, nr. 91/2008, og æskulýðslaga, nr. 70/2007, og í samræmi við reglur sveitarfélagsins á þessu sviði, án staðfestingar bæjarstjórnar, samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og 36. gr. samþykktar þessarar:

- a) Umsóknir um skólavist utan lögheimilissveitarfélags.
- b) Umsóknir um leyfi til heimakennslu.
- c) Staðfestingu starfsáætlunar skóla, leikskóla og frístundastofnana ár hvert og skólanámskrá grunnskóla.
- d) Staðfestingu skóladagatala leik- og grunnskóla og breytingar á þeim.
- e) Staðfestingu matsskýrsla sem unnar eru í tengslum við innra og ytra mat í leik- og grunnskólum.
- f) Staðfestingu innri verklagsreglna fyrir skóla, leikskóla og frístundastofnanir.
- g) Útnefningu íþróttamanns Ísafjarðarbæjar ár hvert, útnefningu efnilegasta íþróttmanns Ísafjarðarbæjar ár hvert og veitir hvatningarverðlauna fyrir óeigingjarnt starf í þágu íþrótt- og æskulýðsmála í Ísafjarðarbæ, sbr. reglur um val á íþróttamanni ársins í Ísafjarðarbæ.
- h) Úthlutun styrkja og tíma til íþróttafélaga og almennings í íþróttamannvirkjum og -svæðum Ísafjarðarbæjar, sbr. reglur þar um.
- i) Úthlutun úr uppbyggingarsjóði Ísafjarðarbæjar, í samræmi við verklags- og úthlutunarreglur uppbyggingarsjóðs Ísafjarðarbæjar til aðildarfélaga Héraðssambands Vestfirðinga.

2. gr.

Afgreiðslur nefndarinnar samkvæmt 1. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi bæjarstjórnar.

3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu nefndarinnar samkvæmt 1. gr. skal fara með málið samkvæmt V. kafla stjórnsýslulaga.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

4. gr.

Eftir að nefndin hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal skóla-, íþrótt- og tómstundanevnd taka málið upp að nýju.

Þá skal aðila máls leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til viðeigandi ráðuneytis, þ. á m. um kærufrest.